

REIKNISTOFA BANKANNA HF.

SAMKEPPNISRÉTTARSTEFNA

Samþykkt á stjórnarfundum félagsins þann 24. maí 2024 og undirrituð með rafrænum hætti.

1 STEFNA REIKNISTOFU BANKANNA Í SAMKEPPNISMÁLUM

- 1.1 Það er stefna Reiknistofu bankanna hf. (hér eftir „RB“) að starfsemin stuðli að öryggi, skilvirkni og hagkvæmni í rekstri fjármálainnviða sem leiði til hagkvæmara umhverfis fjármálastofnana og efla samkeppnishæfni þeirra. Með hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta á þeim mörkuðum sem félagið og eigendur þess starfa á er stuðlað að virkri samkeppni, neytendum til hagsbóta.
- 1.2 Það er einnig stefna RB að starfsmenn og stjórn félagsins fari í öllu að ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005, einkum 10., 11. og 12. gr. þeirra. Mikilvægt er að í starfsemi félagsins sé hugað að samkeppnissjónarmiðum og varfærni gætt í hvívetna.
- 1.3 Samkeppnisréttarstefna þessi skal vera birt bæði á heimasíðu RB og á innri vef starfsmanna. Stjórn RB skal endurskoða stefnuna árlega, og oftár ef þörf krefur.
- 1.4 Brot gegn samkeppnislögum, hvort sem er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi starfsmanns eða stjórnarmanns, getur leitt til viðurlaga í starfi og lagalegrar ábyrgðar hans auk félagsins sjálfs. Samkeppnislagabrot eru til þess fallin að valda RB og eigendum þess miklum álitshnekki, auk þess sem stjórnvaldssektir í slíkum málum geta verið háar.

2 TILGANGUR OG MARKMIÐ SAMKEPPNISRÉTTARSTEFNUNNAR

- 2.1 Markmið samkeppnisréttarstefnunnar er að greina helstu áhættuþætti í starfsemi félagsins í samkeppnisréttarlegu tilliti og setja verkferla til þess að draga úr þeirri áhættu eins og kostur er. Hér er bæði átt við samkeppnislega áhættu, sem á almennt við um starfsemi RB og í tengslum við einstaka ákvarðanir, en einnig og einkum vegna samskipta milli eigenda félagsins á vettvangi stjórnar og í einstökum starfshópum. Vinna þess efnis hefur farið fram og hefur hún verið skjalfest í sjálfsmati félagsins, sem verður uppfært og endurskoðað eftir því sem tilefni er til. Með reglubundinni greiningu og skipulagðri fræðslu til stjórnar og starfsmanna verður þeim auðveldað að bera kennsl á áhættuþætti í störfum sínum og þekkja verkferla ef upp vaknar grunur um brot gegn samkeppnislögum.
- 2.2 RB hefur mótað skýra umgjörð til þess að tryggja framkvæmd samkeppnisréttarstefnunnar. Settar hafa verið reglur um vernd trúnaðarupplýsinga og upplýsingaskipti, starfsreglur frampróunarhópa og samkeppnisréttarreglur, en saman mynda þessi skjöl varnir félagsins gegn samkeppnislagabrotum sem kynnu að leiða af samrekstrinum. Stefna RB í samkeppnismálum endurspeglar jafnframt í samþykktum félagsins, hluthafasamningi eigenda og starfsreglum stjórnar.

3 HELSTU ÁHÆTTUÞÆTTIR OG VERKFERLAR

- 3.1 RB er rekið sem sameiginlegt innviðafélaga innlánastofnana og Seðlabanka Íslands. Árið 2012 framkvæmdi Samkeppniseftirlitið mat á starfsemi og komst að þeirri niðurstöðu að starfsemi RB og öll samvinna fyrirtækja sem á sér stað á vettvangi hennar félli undir bannákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga, en að skilyrði 15. gr. laganna væru uppfyllt á grundvelli ákvæða sáttar sem Samkeppniseftirlitið gerði við RB.¹
- 3.2 RB starfaði því á grundvelli sérstakrar undanþágu sem veitt var með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til ársins 2021, en þá tók í gildi grundvallarbreyting á 15. gr. samkeppnislaga. Sáttin á milli RB og Samkeppniseftirlitsins féll úr gildi og það fellur nú í hlut RB og eigenda hennar að tryggja að starfsemi RB og öll samvinna fjármálafyrirtækja á vettvangi félagsins standist kröfur samkeppnislaga.
- 3.3 Mestu máli skiptir að starfsemi RB stuðli að því að fjármálainnviðir, þ.m.t. upplýsingatæknikerfi og önnur kerfi stoðþjónustu fyrir fjármálafyrirtæki, séu reknir með fjárhagslega hagkvæmari, öruggari og tæknilega framþróaðri hætti vegna samstarfsins og að neytendum sé veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af samstarfinu hlýst. Þá skal samstarfið ekki leggja óþarfa höft á eigendur RB, enda mikilvægt að þeir séu sem sjálfstæðastir hver frá öðrum, þrátt fyrir samstarfið. Að lokum er lykilatriði að allir þeir sem koma að samstarfinu fylgi skýrri umgjörð sem endurspeglar þá áhættuþætti sem fylgir samrekstrinum. Með því móti mun samstarfið ekki raska samkeppni umfram nauðsyn vegna hagræðingarsjónarmiða, eða koma í veg fyrir að eigendur RB keppi á eigin verðleikum og með mesta móti er varðar sem flesta samkeppniþætti í starfsemi viðskiptabanka.
- 3.4 Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

- (a) **Sjálfstæði eigenda RB:** Þar sem starfsemi RB varðar umfangsmikið samstarf á milli keppnauta er lykilatriði að samstarfið gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að öryggis-, skilvirkni- og hagkvæmnismarkmiðum verði náð. Því skal tryggt að RB sé eins sjálfstætt frá eigendum sínum og mögulegt er og sömuleiðis að sjálfstæði eigenda hennar, sem keppnauta, sé ekki raskað.

Það felst áhætta í samvinnu og upplýsingaskiptum á milli fulltrúa eigenda RB ef slíkt minnkar óvissu á viðskiptabankamarkaði á kostnað samkeppninnar. Samvinna keppnauta og upplýsingaskipti þeirra á milli geta talist ólögæt á grundvelli 10. gr. samkeppnislaga og er oft erfitt að draga mörkin á milli lögmætrar og ólögætrar háttsemi að þessu leyti. Það er því mikilvægt að skýrri umgjörð RB sé fylgt af öllum þeim sem að samstarfinu koma og að í vafatilfellum sé leitað eftir ráðgjöf sérfræðinga.

Til að koma í veg fyrir að sjálfstæði eigenda RB sé raskað er fulltrúum eigenda, sem koma að samstarfinu á vettvangi RB, óheimilt að skiptast á viðkvæmum upplýsingum varðandi eigendur RB.

Upplýsingaskipti fulltrúa eigenda RB skulu ekki lúta að stefnumótandi upplýsingum varðandi hvern og einn eiganda RB, svo sem varðandi verðlagningu á vöru og þjónustu, tekjur, veltu, rekstrarkostnað, markaðssetningu, tækifæri á markaði, viðskiptavini,

¹ Ákvörðun nr. 14/2012, *Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samruni við Teris.*

birgja, hvers kyns magntölur, áhættuliði í starfsemi, framtíðaráform, fjárfestingar, fyrirhuguð viðskipti, rannsóknir eða þróunarstarf.

Að sama skapi skulu eigendur RB njóta sjálfstæðis í ákvarðanatöku um áframhaldandi samstarf og vera frjálst að taka ekki þátt í einhverjum hlutum þess, svo sem varðandi kaup á einstaka þjónustubáttum. Hver og einn eigandi ber ábyrgð með sjálfstæðum hætti á reglulegu sjálfsmati skv. 15. gr. samkeppnislaga.

- (b) **Aðgangur að kerfum og þjónustu RB:** Í ljósi þess að innviðir RB og upplýsingatækniþjónusta geta talist mikilvæg keppinautum á markaði, er mikilvægt að aðgangur sé veittur þeim aðilum sem óska eftir þjónustu félagsins í samræmi við aðgangsreglur hvers kerfis, enda getur sölusynjun eða óþarflega strangar aðgangskröfur valdið skaðlegum útilokandi áhrifum gagnvart keppinautum eigenda. Hugtakið keppinautur er túlkað með víðtækum hætti í samkeppnisrétti og á jafnt við um raunverulega keppinauta og hugsanlega keppinauta, sem hafa áform um að hefja rekstur á tilteknum markaði. Að sama skapi skal líta svo á að aðilar, sem einungis hafa takmarkað vöru- og þjónustuframboð í samanburði við eigendur RB, séu keppinautar þeirra.

Til að koma í veg fyrir samkeppnishömlur er mikilvægt að gætt sé að jafnræði og hlutlægni gagnvart þeim aðilum sem óska eftir þjónustu félagsins, og að aðilum sé ekki mismunað í viðskiptum nema til þess standi málefnalegar ástæður. Því skal að því gætt að aðgangsreglur fyrir öll kerfi séu aðgengilegar á heimasíðu RB, sem og almenn verðskrá og skilmálar fyrir aðgang að kerfum. Skal sérstaklega að því gætt að aðgangsreglur, verð og skilmálar fyrir tengingu við kerfi skapi ekki aðgangshindrun fyrir nýja aðila með ómálefnalegum hætti.

- (c) **Útilokandi áhrif gagnvart keppinautum RB:** Við ákvörðun um skilyrði fyrir samrekstri árið 2012, leit Samkeppniseftirlitið til þess að fjármálafyrirtækin, sem eru eigendur RB, reka einnig flest hver öflugar tölvuþjónustudeildir sem annast hugbúnaðargerð, rekstur tölvukerfa og aðra skylda starfsemi. Taldi Samkeppniseftirlitið í því sambandi eðlilegt við mat á markaðshlutdeild að líta bæði til þessarar eigin þjónustu eigendanna og umfangs RB. Langstærstur hluti af þeirri starfsemi sem varðar þennan þátt í upplýsingatækniþjónustu við íslensk fjármálafyrirtæki, var á hendi RB og tengdra aðila og var RB talið í markaðsráðandi stöðu á þessum markaði. Telja verður að staðan sé sú sama eða nálægt því að vera sú sama í dag, enda þótt markaðsumhverfið verði sífellt alþjóðlegra fyrir tiltekna þjónustubætti og geti haft áhrif á slíkt mat.

Með hliðsjón af sterkri stöðu RB á markaði fyrir upplýsingatækniþjónustu fyrir fjármálafyrirtæki hérlandis, er mikilvægt að verðlagning félagsins og háttsemi að öðru leyti skaði ekki samkeppni. Skal því hafa 11. gr. samkeppnislaga til hliðsjónar við ákvörðun um verðlagningu fyrir upplýsingatækniþjónustu RB, sem og mikilvægi þess að RB hagi sér með sem sjálfstæðustum hætti á markaði. Þannig getur of náið samstarf fulltrúa eigenda um hönnun, þróun og viðhald tölvu- og upplýsingakerfa takmarkað samkeppnismöguleika annarra aðila á upplýsingatæknimarkaði með óeðlilegum hætti.

Hvað verðlagningu varðar skiptir mestu máli að RB gæti að því að aðgangur að kerfum og þjónustu félagsins sé ekki verðlagður undir kostnaði RB af því að veita aðganginn, og sömuleiðis að aðilum sé ekki mismunað er varðar skilmála eða verðlagningu, eða einstaka viðskiptavinum eða hópi viðskiptavina sé boðið upp á sértækar verðlækkanir. Þar að auki skal gætt að því að tengingar og/eða þjónustur RB séu ekki samtvinnaðar og seldar saman í pakka, án undangengis samkeppnismats. Að sama skapi getur einkakaupaákvæði, um að tiltekin þjónusta sé einungis eða mestmegnis keypt af RB í tiltekinn tíma, eða tryggðarafslættir verið þess eðlis að samkeppnimat er nauðsynlegur undanfari samningsgerðar. Háttsemi af framangreindu tagi gæti verið til þess fallin að hindra eða útiloka önnur fyrirtæki á upplýsingatæknimarkaði frá viðskiptum við eigendur RB og þar af leiðandi brotið gegn samkeppnislögum.

4 ÁBYRGÐ OG UMSJÓNARAÐILI

- 4.1 Ábyrgðaraðili samkeppnisréttarstefnunnar er forstjóri RB.
- 4.2 Umsjónaraðili samkeppnisréttarstefnunnar er lögfræðingur RB.
- 4.3 Hlutverk ábyrgðaraðila er að hafa umsjón með og bera ábyrgð á framkvæmd samkeppnisréttarstefnunnar. Umsjónaraðili veitir stjórn, stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf um álitæfni sem komið geta upp, sé vafi á því hvort háttsemi eða ákvarðanir teljist samþýðanleg samkeppnislögum.
- 4.4 Helstu verkefni umsjónaraðila eru að fræða starfsmenn RB um samkeppnisrétt, þ.e. helstu reglur sem eiga við um starfsemi RB og störf þeirra, skyldur og ábyrgð á grundvelli laganna, þ. á m. hvaða viðurlög liggja við brotum á ákvæðum laganna. Umsjónaraðili skal leiðbeina þeim um álitamál sem tengjast starfssviðum þeirra.
- 4.5 Skal tryggt að samkeppnisréttarstefna þessi, auk upplýsinga og fræðsluefnis um samkeppnismál sé aðgengilegt á innra neti RB. Jafnframt skal tryggja aðgang starfsmanna að samkeppnisréttarreglum RB, reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga á vettvangi RB, starfsreglum framþróunarhópa, sjálfsmats RB og annars efnis sem kann að hafa þýðingu í þessu sambandi.
- 4.6 Mikilvægur þáttur í starfsemi RB lýtur að sjálfsmati félagsins. Umsjónaraðila ber að hafa yfirsýn yfir verkefni og skyldur RB á þeim grundvelli og veita starfsmönnum og stjórn ráðgjöf rísi álitamál af þeim toga í starfsemi félagsins. Einnig skal hann veita ráðgjöf um samskipti við og á milli eigenda og innan starfshópa. Hafa skal hliðsjón af reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga á vettvangi RB í því sambandi.
- 4.7 Umsjónaraðili skal halda utan um uppfærðar upplýsingar um sjálfsmat RB og skyldur sem hvíla á stjórn og starfsmönnum RB vegna þess. Umsjónaraðili skal einnig halda utan um uppfærðar upplýsingar um ákvarðanir og skýrslur Samkeppniseftirlitsins um þá markaði sem tengjast starfsemi RB.
- 4.8 Umsjónaraðili tekur við ábendingum frá stjórnarmönnum og starfsmönnum RB um háttsemi eða verklag sem kann að fara gegn samkeppnislögum og áætlun þessari. Heimilt er að koma ábendingum á framfæri undir nafnleynd.

5 FERLI VIÐ TILKYNNINGU SAMKEPPNISLAGABROTA

- 5.1 Verði stjórnarmaður eða starfsmaður RB var við að háttsemi eða verklag kunni að brjóta gegn samkeppnislögum eða stefnu þessari skal hann upplýsa umsjónaraðila um það samstundis, hvort sem er með munnlegum eða skriflegum hætti.
- 5.2 Umsjónaraðili skal taka ábendingu strax til meðferðar og hefja nauðsynlega athugun á því hvort ábending um brot eigi við rök að styðjast. Umsjónaraðili skal hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem nauðsynleg teljast í þessu sambandi. Stjórn og starfsmenn RB skulu aðstoða umsjónaraðila varðandi samkeppnisréttarleg málefni.
- 5.3 Að lokinni athugun umsjónaraðila skal hann tilkynna forstjóra um niðurstöður sínar og skal fjallað um þær á vettvangi stjórnar. Telji umsjónaraðili meiri líkur en minni á því að brot gegn samkeppnislögum hafi átt sér stað skal stjórn taka ákvörðun um hvort leita skuli til Samkeppniseftirlitsins vegna málsins, upplýsa um atvikin, lýsa yfir samstarfsvilja við Samkeppniseftirlitið og aðstoð við rannsókn málsins, auk þess að óska um leið eftir niðurfellingu eða lækkun mögulegrar sektar sem kann að vera lögð á vegna háttseminnar.
- 5.4 Komi til þess að Samkeppniseftirlitið geri vettvangsrannsókn hjá RB, er mikilvægt að samstarfsvilji sé sýndur og að gögnum sé ekki eytt eða þau falin. Fyrsta skrefið er að athuga hvort Samkeppniseftirlitið hafi húsleitarheimild meðferðis og gera innahúss/utanaðkomandi lögmönnum viðvart þannig viðkomandi aðilar geti mætt á staðinn og séð um samskipti við starfsmenn eftirlitsins. Samkeppniseftirlitið hefur víðtækar heimildir til upplýsinga- og gagnaöflunar og því er mikilvægt að tölvupóstsamskipti og innanhúsgögn endurspegli þessa samkeppnisréttarstefnu og innihaldi ekki efni sem gæti misskilist af eftirlitsaðilum, sem háttsemi sem hefur að markmiði að brjóta gegn samkeppnislögum.

6 ENDURSKOÐUN

Stjórn Reiknistofu bankanna hf. endurskoðar og staðfestir samkeppnisréttarstefnu þessa árlega á fyrsta fundi eftir aðalfund félagsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi félagsins hinn 24. maí 2024.

Stjórn Reiknistofu bankanna hf.